



8. fundur stjórnar LH 2022-2024
12. maí 2023 kl. 13:00
Íþróttamiðstöðinni í Laugardal

Mætt: Guðni Halldórsson, Ólafur Gunnarsson, Hákon Hákonarson úr aðalstjórn.

Á fjarfundi: Þórhildur Katrín Stefánsdóttir, Unnur Rún Sigurpálsdóttir, Sóley Margeirsdóttir og Edda Rún Ragnarsdóttir úr aðalstjórn, Gróa Baldvinsdóttir, Valdimar Magnús Ólafsson, Sveinn Heiðar Jóhannesson úr varastjórn.

Fjarverandi: Birna Tryggvadóttir varastjórn.

Forföll boðaði: Randi Holker

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Formaður setur fund og stýrir fundi.

1. Erindi frá stjórn Hestamannafélagsins Spretts er varðar Landsmót 2024

Hestamannafélagið Sprettur óskar eftir heimild til að ganga til viðræðna við Hestamannafélagið Fák með það að markmiði að halda Landsmót 2024 sameiginlega á félagssvæði Fáks í Víðidal. Ástæða þessarar beiðni er að upp hafa komið örðugleikar sem gera Spretti erfitt um vik að halda mótið með viðunandi hætti. Er þar vísað til þess að stuðningur sveitarfélaga er undir væntingum og komið hefur í ljós að leggja þarf í kostnaðarsamar breytingar á félagssvæðinu sem ekki var gert ráð fyrir í áætlunum.

Afgreiðsla: Samþykkt að heimila Spretti að ganga til viðræðna við Fák með þeim skilyrðum að viðræðurnar fari fram undir forystu stjórnar LM ehf. og formanns LH. Niðurstöður viðræðnanna verði lagðar fyrir stjórn LH eigi síðar en á hádegi föstudaginn 19. maí. Formanni falið að senda stjórn Spretts ofangreint svar.

Fundi slitið kl. 13:50